

Nefndasvið Alþingis
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. maí 2018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra og fleiri lögum (vernd réttinda á vinnumarkaði, EES-mál), 468. mál.

Þann 19. apríl 2018 óskaði velferðarnefnd Alþingis eftir umsögn Félags atvinnurekenda (FA) við ofangreint frumvarp. Frumvarpinu er ætlað að innleiða í íslenskan rétt tilskipun ESB 2014/67/ESB um framfylgd tilskipunar 96/71/EB um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012.

FA gerir í meginatriðum ekki athugasemdir við frumvarpið en leggur að vanda áherslu á að tilskipanir séu ekki innleiddar með meira íþyngjandi hætti en þörf er á.

Með frumvarpinu eru m.a. lagðar til breytingar á dagsektarákvæðum laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra nr. 45/2007, laga um starfsmannaleigur nr. 139/2005, laga um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum nr. 42/2010 og laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980, sbr. 21. gr., 43. gr., 48. gr. og 67. gr. frumvarpsins. Mun Vinnumálastofnun þannig hafa heimildir til að leggja á dagsektir sem geta numið „allt að kr. 1. millj. fyrir hvern dag“.


Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins skal við ákvörðun fjárhæða m.a. líta til *fjölda starfsmanna fyrirtækisins/starfsmannaleigunnar/þess atvinnurekanda sem ákvörðun beinist að/þess aðila sem ákvörðun beinist að og hversu umfangsmikill viðkomandi atvinnurekstur er*. Um dagsektarákvæði laga nr. 46/1980 segir enn fremur að líta beri til *hversu aðkallandi úrbætur teljist*.

Samkvæmt athugasemdum við 21. gr. og 67. gr. í greinargerð frumvarpsins, sjá einnig 43. og 48. gr., kemur fram að lagt sé til að núverandi hámark dagsekta, 100.000 kr., verði hækkað *til samræmis við fjárhæðir dagsekta skv. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi*. Í tilvitnuðu dagsektarákvæði laga nr. 87/1998 segir að dagsektir geti numið *frá 10.000 kr. til 1 millj. kr. á dag og heimilt sé að ákveða þær sem hlutfall af tilteknum stærðum í rekstri eftirlitsskylds aðila*. Við ákvörðun um fjárhæð dagsekta sé heimilt að taka tillit til *eðlis vanrækslu eða brots og fjárhagslegs styrkleika viðkomandi aðila*.

FA telur rétt að gera athugasemd við þann rökstuðning sem fram kemur í frumvarpinu, þ.e. að hámark dagsekta verði hækkað úr kr. 100.000 á dag í kr. 1.000.000 *til samræmis við lög nr. 87/1998* án þess að fyrir liggja greining á þörf svo hárra dagsektarheimilda. Er til að mynda vandséð hvaða rök liggja að baki hækkun á dagsektarheimild laga nr. 42/2010. Er það enn fremur mat FA að dagsektarákvæði frumvarpsins kunni að hafa í för með sér ógagnsæja framkvæmd við álagningu dagsekta.

FA áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Virðingarfyllt,


Guðný Hjaltadóttir, lögfræðingur FA